

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

2. másl. 3. mgr. 31. gr. reglnanna orðast svo: Rektor tekur ákvörðun um hvort ráðning akademísku starfsmanns verður ótímabundin, að fenginni tillögu framgangs- og fastráðningarnefndar Háskóla Íslands, í samræmi við ákvæði reglna nr. 1301/2020 um ótímabundna ráðningu akademísku starfsfólks við Háskóla Íslands.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „framgangsnefnd“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: framgangs- og fastráðningarnefnd.
- b. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Um framgang gilda ákvæði reglna nr. 1300/2020 um framgang akademísku starfsfólks við Háskóla Íslands.

#### 3. gr.

2. másl. 1. mgr. 40. gr. reglnanna orðast svo: Skal ein dómnefnd skipuð fyrir hvert af fræðasviðum háskólans til þess að fjalla um ráðningarmál í laus störf á viðkomandi sviði þar sem hæfnisdóms er krafist.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. reglnanna:

- a. 1. másl. 3. töluliðar 6. mgr. orðast svo: Við mat á umsækjendum um auglýst störf eða önnur ný störf skal, auk framangreindra sjónarmiða, höfð hliðsjón af þeim lágmarksfjölda stiga sem kveðið er á um í töflum 1 og 2 í lok 7. gr. reglna nr. 1300/2020 um framgang akademísku starfsfólks við Háskóla Íslands, varðandi mat á starfsþáttum.
- b. Á eftir 1. másl. 3. töluliðar 6. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Þegar um er að ræða starf lektors eða sérfræðings skal gerð krafa um að lágmarki 30 rannsóknastig.

#### 5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 10. maí 2021.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*